

# Keppnisreglur BTÍ

## ***Inngangur:***

Borðtennissamband Íslands er aðili að ÍSí og ITTF (Alþjóðaborðtennissambandinu) og fer eftir samþykktum og reglum þeirra sambanda nema um þau atriði sem BTÍ setur sjálft lög eða reglur. Um þau atriði sem lög eða reglur BTÍ ná ekki skal fyrst leitað til laga ÍSí og síðan til ITTF. Samkvæmt þessu er forgangsröð laga og reglna borðtennisíþróttarinnar á Íslandi þessi:

Lög BTÍ

Keppnisreglur BTÍ

Lög og reglugerðir ÍSí

Lög og reglur ITTF

Leikreglur

Alþjóðlegar keppnisreglur

Agareglur

Reglur um heimsmeistarakeppni

Reglur um Ólympíuleika.

## ***Almennar reglur***

1.grein

Í allri keppni og mótum sem haldin eru á vegum BTÍ eða félaga í BTÍ skal farið eftir gildandi leikreglum BTÍ/ITTF og leikreglum ITTF.

2.grein

Þeir einir geta tekið þátt í mótum BTÍ eða félaga þess sem eru fullgildir félagar einhvers borðtennisfélags, eða félaga í ÍSí.

3.grein

Erlendir ríkisborgarar mega keppa í opnum mótum, punktamótum, flokkakeppni og bikarkeppni, enda hafi þeir sótt um leyfi til BTÍ. Erlendum ríkisborgurum skal skipað í flokk eftir mati mótanefndar.

Erlendir ríkisborgarar mega keppa á Íslandsmóti enda hafi þeir verið búsettir og átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár þegar mót fer fram. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan BTÍ.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Breyting um keppnisrétt erlendra ríkisborgara á Íslandsmóti samþykkt af stjórn BTÍ 1. nóvember 2012. Áður var ákvæðið svohljóðandi: „Erlendir ríkisborgarar mega keppa í opnum mótum, punktamótum, (þó ekki Íslandsmóti) flokkakeppni og bikarkeppni, enda hafi þeir sótt um leyfi til BTÍ og ÍSí. Erlendum ríkisborgurum skal skipað í flokk eftir mati mótanefndar.“ Breyting á keppnisrétti erlendra ríkisborgara var aftur breytt á fundi

#### 4. grein

Félög eða meðlimir félaga í BTÍ mega ekki keppa við íbúa landa sem ekki eru í ITTF (Alþjóðaborðtennissambandinu) án leyfis BTÍ og ITTF.

#### 5. grein

Leikmaður getur skipt um félag einu sinni á leikári. Félagaskiptin tilkynnist mótanefnd BTÍ á þar til gerðu eyðublaði sem beri með sér að leikmaður sé skuldlaus við fyrra félag eða með tölvupósti til mótanefndar og fyrra félags þar sem skuldleysið er staðfest. Félagaskiptin taka gildi þann dag sem formaður mótanefndar undirritar eyðublaðið eða staðfestir móttöku tölvupóstsins.

#### 6. grein

Keppnistímabilið er frá 1. júlí – 30. júní.

#### 7. grein

Mótanefnd BTÍ er skipuð af stjórn strax að loknu ársþingi. Mótanefnd sér um og skipuleggur Íslandsmót, Íslandsmót unglinga, Íslandsmót öldunga, flokkakeppni og bikarkeppni. Mótanefnd skal einnig sjá um og færa punktastöðu. Tilkynna verður öll mót milli tveggja félaga eða stærri til mótanefndar BTÍ. Punktamót má ekki halda án leyfis mótanefndar.

Mótanefnd BTÍ er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir keppnisleyfi leikmanna til þátttöku í opnum mótum, sem skal endurspegla kostnað við utanumhald styrkleikalista, punktalista, framsetningar mótaskrár og úrslita mótanna.

Senda skal mótanefnd BTÍ afrit af öllum leiktöflum nema innanfélagsmóta eigi síðar en þremur dögum eftir mót.

Mótanefnd BTÍ sendir út keppnistöflu yfir flokkakeppni Íslands, Íslandsmót og þau punktamót sem hún hefur leyft fyrir 10. október. Önnur mót skulu einnig fylgja eftir því sem vitað er um.

Öll mót hafa mótsstjórn. Mótsstjórnir eru skipaðar eða kosnar fyrir hvert mót eftir þörfum. Mótsstjórnir skipuleggja mót, auglýsa, taka við keppnisgjöldum, ráða dómara, ákveða keppnisflokka og taka allar ákvarðanir varðandi mót um þau atriði sem ekki eru ákveðin í þessum reglum, leikreglum eða lögum BTÍ. Má þar nefna til viðbótar fjölda flokka sem hver einstakur leikmaður má taka þátt í (sjá þó reglur um flokkakeppni og Íslandsmót).

#### 8. grein

Mótsstjórnir skipa yfirdómara þeirra móta sem þær hafa yfirumsjón með. Yfirdómariinn skal vera viðstaddur mótið. Yfirdómari skal hafa landsdómararéttindi hið minnsta. Sækja má um undanþágu frá ákvæði 8. gr. til stjórnar BTÍ ef sérstakar aðstæður skapast. Ósk um undanþágu skal berast BTÍ a.m.k. 5 dögum fyrir dagsetningu móts.

#### 9. grein

Kærum sem berast yfirdómara skal fylgja sérstakt kærugjald sem mótanefnd BTÍ ákveður og verða engar kærur teknar til álita nema það fylgi. Gjaldið verður endurgreitt ef dómur fellur kærenda í vil, annars ekki. Einstakir leikir skulu leiknir til enda eftir fyrirmælum dómara, en lokadómar skulu þó felldir svo fljótt sem verða má og aldrei seinna en viku eftir að kæra hefur verið lögð fram. Félag sem hyggst kæra mót skal gera það til mótanefndar BTÍ eigi síðar en tveimur sólarhringum eftir lok mótsins. Kærugjald skal fylgja.

#### 10. grein

Auglýsingar um öll mót skal senda til BTÍ og allra félaga innan BTÍ eigi síðar en 10 dögum fyrir mót. Mótanefnd skal birta auglýsinguna á heimasíðu BTÍ um leið og hún hefur borist. Hafi auglýsing um mót ekki verið send fyrir þetta tímamark skal það félag sem mótið heldur greiða sekt að fjárhæð 5.000 kr. til BTÍ, fyrir hvern dag sem auglýsingu seinkar. Sektir vegna þessa skulu greiddar í síðasta lagi á mótisdag. Félagi er óheimilt að halda næsta mót sitt, hafi það ekki greitt þessa skuld sína til BTÍ.

Í auglýsingu á eftirfarandi að koma fram:

- Félagið sem heldur mótið,
- Hvers konar keppni fer fram,
- Staður og stund,
- Hvort raðað verður á töflu,
- Hver er lágmarksfjöldi keppenda fyrir keppni í auglýstum flokkum á mótinu,
- Skráningarfrestur,
- Flokkar þeir sem keppt verður í,
- Þátttökugjald,
- Hvenær og hvar verður dregið,

- Gerð og litur kúlna,
- Verðlaun,
- Mótsstjórnarmenn og yfirdómari.

#### 11. grein

Lágmarksstærð keppnisvallar er 5 \* 8,5 metrar.

#### 12. grein

Þátttökutilkynningar í mót skulu sendast til viðkomandi mótsstjórnar áður en tiltekinn skráningarfrestur rennur út. Mótsstjórn er ekki skylt að taka tillit til skráningar á mót sem berst eftir að skráningarfrestur rennur út.

Þátttökutilkynning tilgreini fullt nafn og þá flokka sem keppandi hyggst taka þátt í, og einnig fæðingardag og ár keppenda, ef um aldursflokkamót er að ræða.

Standi leikmaður í skuld við félag vegna fyrra móts, er félaginu heimilt að meina honum að keppa á mótum á sínum vegum fyrr en eftir skil á þeim þátttökugjöldum.

#### 13. grein

Keppt er í eftirfarandi aldursflokkum:

11 ára og yngri	hnokkar	tátur
12-13 ára	piltar	telpur
14-15 ára	sveinar	meyjar
16-18 ára	drengir	stúlkur
19-39 ára	karlar	konur
40-49 ára	öldungur	öldungur
50-59 ára	öldungur	öldungur
60-69 ára	öldungur	öldungur
70 ára og eldri	öldungur	öldungur

Aldursflokkaskiptingin miðast við áramót.

Enginn getur keppt í lægri aldursflokki en hann er sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla- og kvennaflokki. Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokki öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokki.

Keppendum í unglingsflokkum er heimilt að taka þátt í eldri unglingsflokkum, þó ekki í einliðaleik á Íslandsmótum. Í tvíliða- og tvenndarleik unglings skal a.m.k. annar leikmaðurinn vera í réttum aldursflokki.

Mótshaldara annarra móta en Íslandsmóta er heimilt að synja keppanda þátttöku í fleiri en einum aldursflokki.

Allir aldursflokkar geta tekið þátt í karla- og kvennaflokki.

#### 14. grein

Engan má skrá nema undir réttu nafni. Séu leikmenn í tvíliðaleik ekki í sama flokki, skal parið skráð í þann flokk sem eldri maðurinn á að vera í (sama gildir ef raðað væri eftir punktum í tvíliðaleik). Leikmenn í tvíliðaleik þurfa ekki að vera í sama félagi.

Í tvíliðaleik eða tvenndarkeppni skal fyrst raða sigurvegurum sömu keppni frá fyrra ári og síðan öðrum þorum eftir samanlögðum punktafjölda.

#### 15. grein

Mótsstjórn er óheimilt að fella niður keppni í auglýstum flokki hafi lágmarksfjöldi keppenda skráð sig og mætt til leiks nema ef alvarlegar ófyrirsjáanlegar aðstæður verða, þannig að hætta verður keppni á mótinu í heild.

Almenna reglan í útsláttarkeppni skal vera einfaldur útsláttur. Mótsstjórn er heimilt að láta alla keppa við alla. Í keppni allir við alla skal innbyrðis leikur (leikir) ráða röð ef tveir (eða fleiri) eru jafnir að vinningum. Ef enn er jafnt ræður hlutfall unninna lotna og tapaðra í innbyrðisleikjum þeirra sem jafnir eru. Ef enn fást ekki úrslit ræður hlutfall unninna stiga og tapaðra í innbyrðisleikjum þeirra sem jafnir eru. Ef þá er enn jafnt skal leikin ein lota til úrslita. Í tvöföldum úrslætti skal keppninni hagað þannig að sá sem tapað hefur geti aldrei orðið í efsta sæti.

#### 16. grein

Á Íslandsmótum og í deildarkeppni skulu keppendur klæðast búningi síns félags. Lið í deildarkeppninni skulu jafnframt leika í sams konar keppnistreyjum. Sé þessu ekki sinnt í efstu deild sendir mótanefnd BTÍ viðkomandi félagi viðvörðun þess efnis. Ef sama lið mætir aftur í ósamstæðum treyjum fær félagið 20.000 kr sekt og er ekki heimilt að leika næsta deildarleik fyrr en sekt hefur verið greidd.

Einungis má keppa í stuttbuxum (eða pilsu) en gefa má undanþágu til þess að keppa í síðum íþróttabuxum. Keppt skal í stuttermabolum og skór skulu vera íþróttaskór með gúmmísólum eða fimleikaskór. Keppandi skal vera tilbúinn til leiks þegar að honum kemur og í síðasta lagi 5 mínútum síðar, annars getur andstæðingur krafist vinnings án leiks.

#### 17. grein

Töflur skulu gerðar eftir grundvallarreglum ITTF. Mótsstjórn og yfirdómari hvers

móts sjá um að draga og velur þá leikmenn sem á að raða eftir styrkleika.

Ef leikmenn eða pör eru

- 12 eða færri skal raða 2
- 13-32 skal raða 4
- 33-64 fleiri skal raða 8
- 65 eða fleiri skal raða 16

Ef raða á tveimur leikmönnum eða pörum skal dregið um það hvor verður efstur á töflunni og hver neðstur.

Ef raða á 4 leikmönnum eða pörum skal raða tveimur efstu eins og lýst er hér að framan, en draga síðan á milli 3 og 4. Sá sem dreginn er á undan skal settur neðst á efri helming töflunnar en hinn efst á hinn helminginn.

Ef raða á 8 leikmönnum skal raða fjórum efstu eins og lýst er að framan. Sá sem fyrst er dreginn af 5-8 skal settur neðst í fyrsta fjórðung töflunnar, næsti í neðsta sæti þriðja fjórðungs, næsti í efsta sæti annars fjórðung og hinn síðasti í efsta sæti fjórða fjórðungs. Síðan er þeim sem eftir eru raðað niður eftir töflunni í þeirri röð sem þeir eru dregnir.

Þegar dregið er skal leikmönnum frá félagi sem sendir tvo leikmenn eða pör og fleiri skipt jafnt milli helminga fjórðunga og áttunduparta. Þetta gildir þó ekki á Íslandsmótum.

Tvíliðapari úr tveimur félögum verður ekki raðað með tilliti til félagshagsmuna.

Eftir að dregið hefur verið er ekki heimilt að bæta leikmönnum inn á töflu nema mótsstjórn hafið orðið á sannanleg mistök. Hafi leikmaður í tvíliðaleik forfallast má taka inn nýjan féлага, þó ekki úr sömu keppni eða móti nema félagi hans mæti heldur ekki til leiks. Skilgreiningin sem fellst í grein þessari skal einnig gilda þegar dregið er í riðla.

Sérstakar reglur gilda um Íslandsmót, þar sem alltaf er raðað a.m.k. 4 keppendum.

18. grein

Félag sem sendir leikmenn á mót á rétt á að hafa fulltrúa viðstaddan þegar dregið er.

19. grein

Alltaf skal veita verðlaun fyrir 4 efstu sæti í öllum flokkum á mótum á vegum BTÍ. Þó þarf ekki að veita 4. verðlaun þegar allir keppa við alla.

## 20. grein

Fulltrúar mótanefndar BTÍ og stjórnarmenn sambandsins hafa rétt til að vera viðstaddir mót á vegum félaga innan BTÍ. Þeim ber einnig skylda til að tilkynna brot á reglum sambandsins til mótanefndar BTÍ sem gerir þá viðeigandi ráðstafanir eftir eðli brotsins.

## 21. grein

Félög skulu leitast við að skrá úrslit leikja jafnóðum inn í skráningarkerfi BTÍ, Tournament Software, eða annað kerfi sem seinna kann að koma til í þess stað. Tímanlegar skráningar sýna virðingu fyrir íþróttinni og eru henni til framdráttar.

Þurfi mótstjórn aðstoð við að læra á kerfið skal hún óska eftir þeirri aðstoð áður en mót er haldið og skal mótanefnd BTÍ veita þá aðstoð. Óski mótstjórn eftir tölvubúnaði til þess að geta skráð jafnóðum skal mótanefnd BTÍ reyna að verða við þeirri ósk.

Hafi mótstjórn ekki skráð úrslit móts inn í skráningarkerfið innan þriggja daga frá lokum þess skal fulltrúi mótanefndar BTÍ sjá um skráningu móts og þá gæta þess að sú skráning eigi sér stað eigi síðar en sjö dögum frá lokum móts. Fyrir þessa vinnu verður innheimt tímagjaldið 4.000 kr./klst. og skal það greiddast eigi síður en 14 dögum eftir lok móts. Félagi er óheimilt að halda næsta mót sitt, hafi það ekki greitt skuld sína sem stafar af þessu, til BTÍ.

Treysti mótstjórn sér ekki til þess að skrá úrslit móts inn í skráningarkerfið á réttum tíma skal hún láta mótstjórn BTÍ vita fyrir upphaf móts. Skal mótanefnd BTÍ þá útvega fulltrúa til þess að slá úrslit jafnóðum inn í skráningarkerfið og verður sama tímagjald tekið fyrir þá þjónustu.

## 22. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um keppnisreglur BTÍ þar með úr gildi.

## **NÝJAR KEPPNISREGLUR FYRIR MÓT BTÍ 2001-2002**

ITTF (Alþjóða borðtennissambandið) hefur breytt keppnisreglum á mótum ITTF og tóku þær gildi 1. september 2001. Stjórn BTÍ hefur ákveðið að fara að dæmi ITTF og fylgja þessum nýju reglum á mótum BTÍ keppnistímabilið 2001-2002. Breytingarnar eru í þá veru að:

1. Í stað þess að lota er upp í 21 þá er sigur unninn ef náð er 11 stigum.
2. Viðkomandi þarf að vinna með tveggja stiga mun eins og áður.
3. Í stað 5 uppgjafa í röð hjá sama keppanda, er nú skipt á uppgjöfum eftir hverjar

2 uppgjafir.

4. Í stöðunni 10-10 skiptast keppendur á uppgjöfum.

5. Einnar mínútu hvíld er á milli lota. Heimild er handklæðapurrun eftir hver sex stig í lotum og þegar skipt er um vallarhelming í oddalotu. Jafnframt er leikmanni/pari heimilt að óska eftir einnar mínútu leikhléi í hverjum leik, sem getur átt sér stað í miðri lotu.

6. Á almennum mótum og liðakeppni vinnst sigur þegar keppandi hefur unnið þrjár lotur en það þarf að vinna fjórar lotur á Íslandsmótum meistaraflokks.

7. Leikmanni er heimilt að taka sér hvíld til að þurrka sér á handklæði, eftir hverjar 6 uppgjafir. Einnig í oddalotu er heimilt að taka hvíld þegar skipt er um vallarhelminga í þegar náð er 5 stigum.

8. Leikmönnum er heimilt að taka leikhlé einu sinni í hverjum leik.

**09.10.2022 Viðbætur voru gerðar við 5. gr. til að heimila félagaskipti með tölvupóstsamskiptum, frekar en aðeins á eyðublaði.**

**16.09.2020 Breytingar voru gerðar á 13. grein á þann veg að eftirfarandi efnisgrein var felld út:**

**“Í eftirfarandi tilvikum geta menn tekið þátt í keppni með eldri keppendum:**

**A) þegar ekki er auglýst keppni í aldursflokki þátttakanda má hann keppa með næsta aldursflokki fyrir ofan sinn. Þetta á þó einungis við um unglingsflokkana.**

**B) Í punktamótum (sjá reglugerð).”**

**Í stað hennar var bætt við:**

**“Keppendum í unglingsflokkum er heimilt að taka þátt í eldri unglingsflokkum, þó ekki á Íslandsmótum. Mótshaldara er þó heimilt að synja keppanda þátttöku í fleiri en einum aldursflokki.**

**Allir aldursflokkar geta tekið þátt í karla- og kvennaflokki.”**

**10.09.2017 Í samræmi við stjórnarfund BTÍ voru eftirfarandi breytingar gerðar:**

**-Tekin voru út orðin „og ÍSÍ“ í 1. mgr. 3. gr. um erlenda leikmenn.**

**-Eldri 4. gr. var fjarlægð. Þar stóð: „Félög eða einstaklingar sem óska að keppa erlendis verða að sækja um leyfi BTÍ til þess.“**

**-Fjarlægð var skylda mótisstjórnar til að tilnefnda þriggja manna dómnefnd á hvert mót, sem ekki mætti keppa, úr 8. gr.**

**-Reglu 10. gr. um 20 daga auglýsingafrest var breytt í 10 daga frest. Óvirkum viðurlögum um að ekki mætti veita punkta fyrir seint auglýst mót var breytt í viðurlög um 5.000 kr. dagsektir.**

**-12. grein var breytt, en áður hljóðaði hún svo: Þáttökutilkynningar í mót skulu sendast í einu lagi fyrir hvert félag til viðkomandi mótisstjórnar á þar til gerðum eyðublöðum áður en tiltekinn skráningarfrestur rennur út. Mótisstjórn er ekki skylt að taka tillit til skráningar á mót sem berst eftir að**



skráningarfrestur rennur út. Skráningareyðublað skal undirritað af ábyrgum aðila innan hvers félags.

Þáttökugjöld greiðast í einu lagi fyrir upphaf móts og er sá aðili sem undirritar þáttökutilkynningar viðkomandi félags ábyrgur fyrir greiðslunni. Séu ekki gerð full skil á þáttökugjöldum allra skráðra keppenda er mótsstjórn óheimilt að leyfa nokkrum innan viðkomandi félags að hefja keppni. Þáttökutilkynning tilgreini fullt nafn, fæðingardag og ár keppenda, ef um aldursflokkamót er að ræða, svo og flokk hans og punktafjölda.

Þáttökutilkynning tilgreini fullt nafn og kennitölu keppenda, svo og flokk hans.

-Tekin var út setning úr 15. gr. þar sem sagði: „Fella má niður keppni í flokki þar sem færri en 8 (6 í kvennaflokki og tvíliðaleik) hafa tilkynnt þáttöku.“

-Tekin var út setning úr 16. gr. um að hvert félag skyldi tilkynna BTÍ um keppnisbúning sinn fyrir upphaf hvers keppnistímabils

-Við 16. gr. var bætt við setningunni: „Lið í flokkakeppninni skulu jafnframt gæta þess að leika í samskonar keppnistreyjum.“

-Tekin var út setningin: „Hjá mótanefnd BTÍ fást tilbúnar töflur og þáttökueyðublöð.“ úr 17. gr.

-Bætt var við nýrri 21. gr.

**09.10.2023: Grein 16. var breytt í heild sinni.**

**13.02.2024: Breytingar á 5., 12. og 17. gr.**

#### *5. grein*

Leikmaður getur skipt um félag einu sinni á leikári. Félagaskiptin tilkynnast mótanefnd BTÍ á þar til gerðu eyðublaði sem beri með sér að leikmaður sé skuldlaus við fyrra félag eða með tölvupósti til mótanefndar og fyrra félags þar sem skuldleysið er staðfest. Félagaskiptin taka gildi þann dag sem formaður mótanefndar undirritar eyðublaðið eða staðfestir móttöku tölvupóstsins.

Leikmaður sem leikið hefur í flokkakeppni getur þó ekki leikið með sínu nýja félagi fyrr en að 30 dögum liðnum.

Verður:

#### *5. grein*

Leikmaður getur skipt um félag einu sinni á leikári. Félagaskiptin tilkynnast mótanefnd BTÍ á þar til gerðu eyðublaði sem beri með sér að leikmaður sé skuldlaus við fyrra félag eða með tölvupósti til mótanefndar og fyrra félags þar sem skuldleysið er staðfest. Félagaskiptin taka gildi þann dag sem formaður mótanefndar undirritar eyðublaðið eða staðfestir móttöku tölvupóstsins.

Röksemdafærsla:

Það er óþarfi að setja takmörk á hvaða leikmenn, sem skipta um félag, geta leikið í efstu deild. Ef leikmenn eru að skipta er það líklegast til þess að geta spilað meira og mér finnst 30 dagar vera ansi þungt. Það gæti þá lent þannig að leikmaður sem skiptir í byrjun janúar missi af jafnvel tveimur deildarhelgum, eða 4 leikjum og þar með 40% af öllu tímabilinu. Markmið okkar hlýtur að vera að leikmenn spili meira í deildakeppni, ekki minna. Legg til að taka algjörlega út þessa takmörkun á spilatíma og leyfa leikmönnum að spila frjálst eftir að hafa skipt um félag.

*14. grein, 2. mgr.*

Í tvíliðaleik eða tvenndarkeppni skal fyrst raða sigurvegurum sömu keppni frá fyrra ári, síðan þeim sem urðu í öðru sæti í sömu keppni og síðast öðrum þörum eftir samanlögðum punktafjölda.

Verður:

*14. grein, 2. mgr.*

Í tvíliðaleik eða tvenndarkeppni skal fyrst raða sigurvegurum sömu keppni frá fyrra ári og síðan öðrum þörum eftir samanlögðum punktafjölda.

Röksemdarfærsla:

Mjög spes að hafa sérstakar reglur í tvíliðaleik um að raða 2. sæti aftur á næsta ári. Þetta er venjulega bara gert á Íslandsmótum (þó að önnur tvíliðaleiksmót ættu að fara eftir þessu líka) og fer þetta einnig í bága við 4. gr í reglugerð um Íslandsmót þar sem segir: „Íslandsmeistara frá fyrra ári skal raða fyrst. Síðan skal farið eftir styrkleikalista.“ Finnst þetta einnig ósanngjarnt þar sem að þör eru ekki alltaf þau sömu ár eftir á og því væri sanngjarnara að raða öllum, fyrir utan sigurvegurum, eftir styrkleikalistanum eins og er gert í einliðaleik.

17. grein

Þegar dregið er skal leikmönnum frá félagi sem sendir tvo leikmenn eða þör og fleiri skipt jafnt milli helminga fjórðunga og áttunduparta.

Verður:

17. grein

Þegar dregið er skal leikmönnum frá félagi sem sendir tvo leikmenn eða þör og fleiri skipt jafnt milli helminga fjórðunga og áttunduparta. Þetta gildir þó ekki á Íslandsmótum.

Röksemdarfærsla:

Markmið þessarar reglu er væntanlega sú að leikmenn sem æfa saman og keppa því reglulega hver við aðra geti ekki lent saman í fyrsta leik. Ég er mjög fylgjandi þessarar reglu á öllum mótum almennt, en alls ekki á Íslandsmótum. Markmiðið á Íslandsmótunum er að krýna sigurvegara, þ.e.a.s. keppast um hver sé bestur á Íslandi í

hverjum flokki fyrir sig. Mér finnst ekki rétt að það geti skipt máli hvar þú lendir í töflunni, út frá því í hvaða félag þú ert skráður. Það ætti að vera jafnt fyrir alla leikmenn, óháð hvaða félag þau spila fyrir, hvar þau lenda í drættinum á þessu mikilvæga móti. Það er nóg að notast við styrkleikalistann og raða leikmönnum með röðun eftir því svo þeir lendi ekki saman.

Svo má benda á það að samkvæmt 1.gr keppnisreglna BTÍ stendur:

*„Í allri keppni og mótum sem haldin eru á vegum BTÍ eða félaga í BTÍ skal farið eftir gildandi leikreglum BTÍ/ITTF og leikreglum ITTF.“*

Í leikreglum ITTF er leikmönnum frá sama landi ekki skipt jafnt milli helminga fjórðunga og áttundaparta, heldur er einungis notast við styrkleikalista. Það kemur oft fyrir að leikmenn frá sama landi geta lent á móti hvor öðrum í fyrsta leik á stærstu mótunum, eins og t.d. HM og EM. Samkvæmt 1.gr keppnisreglna ættum við því að halda okkur í samræmi við ITTF og breyta þessu á okkar Íslandsmótum.

27.02.2024 - Breyting á 13. grein

Var áður

13. grein

Keppt er í eftirfarandi aldursflokkum:

11 ára og yngri hnokkar tátur

12-13 ára piltar telpur

14-15 ára sveinar meyjar

16-18 ára drengir stúlkur

19-39 ára karlar konur

40-49 ára öldungur öldungur

50-59 ára öldungur öldungur

60-69 ára öldungur öldungur

70 ára og eldri öldungur öldungur

Aldursflokaskiptingin miðast við áramót. Enginn getur keppt í lægri aldursflokkum en hann er sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla og kvennaflokkum. Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokkum öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokkum.

Keppendum í unglingsflokkum er heimilt að taka þátt í eldri unglingsflokkum, þó ekki á Íslandsmótum. Mótshaldara er þó heimilt að synja keppanda þátttöku í fleiri en einum aldursflokkum. Allir aldursflokkar geta tekið þátt í karla- og kvennaflokkum.

Verður

13. grein

Keppt er í eftirfarandi aldursflokkum:

11 ára og yngri	hnokkar	tátur
12-13 ára	piltar	telpur
14-15 ára	sveinar	meyjar
16-18 ára	drengir	stúlkur
19-39 ára	karlar	konur
40-49 ára	öldungur	öldungur
50-59 ára	öldungur	öldungur
60-69 ára	öldungur	öldungur
70 ára og eldri	öldungur	öldungur

Aldursflokkaskiptingin miðast við áramót.

Enginn getur keppt í lægri aldursflokki en hann er sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla- og kvennaflokki. Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokki öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokki.

Keppendum í unglíngaflokkum er heimilt að taka þátt í eldri unglíngaflokkum, þó ekki í einliðaleik á Íslandsmótum. Í tvíliða-og tvenndarleik unglínginga skal a.m.k. annar leikmaðurinn vera í réttum aldursflokki.

Mótshaldara annarra móta en Íslandsmóta er heimilt að synja keppanda þátttöku í fleiri en einum aldursflokki.

Allir aldursflokkar geta tekið þátt í karla- og kvennaflokki.